

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 14. júlí 2023
UST202307-093/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 og deiliskipulagi – Íþróttasvæði á Flæðum - Sauðárkróki

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 og deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði á Flæðum. Í greinargerð kemur fram breytingin er felur í sér að leyfilegt byggingsarmagn á svæðinu er aukið úr 10.500 m² í 25.500 m². Að öðru leyti er stefna um landnotkun á íþróttasvæðinu, stærð þess og afmörkun á þéttbýlisuppdrætti óbreytt.

Votlendi og mikilvægt fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að á svæðinu ÍP-404 er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd¹ og svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.² Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerðunum.

Mikilvægt er að fjallað sé um þessa þætti í umhverfismati tillagnanna, en að mati Umhverfisstofnunar mun breytingin hafa óveruleg áhrif á votlendi og fuglalíf. Einnig þarf að skoða og fjalla um hvort að starfsemin muni hafa áhrif á friðland Miklavatns í samræmi við 54. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á að Náttúrufræðisstofnun Íslands (NÍ) hefur lagt til að Láglandi Skagafjarðar fari á B- hluta náttúruminjaskrá³. Á heimasíðu NÍ segir að svæðið sé eitt stærsta og gróskumesta votlendissvæði landsins með miklum flæðimýrum og fuglalífi. Víðáttumikil svæði með gulstararflóavist. Miklavatn flokkast sem flatlendisvatn en aðrar vatnavistgerðir eru einnig áberandi á svæðinu. Alþjóðlega mikilvægt svæði á varptíma fyrir flórgoða og sennilega einnig grágæs. Eins fyrir helsingja á vorin og álft og grágæs í fjaðrafelli á sumrin.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

³ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/laglandi-skagafjardar>

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur